

Nd.

176. Breytingartillögur

[86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist:
og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.
2. Við 33. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
Þegar samkomulag verður um það milli ríkisstjórnarinnar og landshluta-
samtaka sveitarfélaga, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að Byggðasjóður
skuli lúta sérstakri stjórn. Skal sú sjóðsstjórn þá skipuð af ríkisstjórninni
eftir tilnefningu landshlutasamtakanna að einhverju eða öllu leyti.
Verði Byggðasjóði skipuð sérstök stjórn samkv. 1. málsg., er henni jafn-
framt veitt sú heimild til lántöku, sem Framkvæmdastofnuninni er veitt samkv.
33. gr.